

Fundur stjórnar foreldrafélags grunnskóladeildar

4. nóvember 2024, kl 17 í Herðubreið.

Mætt eru Hanna Christel Sigurkarlsdóttir, Sigríður Rún Tryggvadóttir, Kristinn Már Jóhannesson, Óli Már Eggertsson, Margrét Guðjónsdóttir og Elfa Hlín Sigrúnar Pétursdóttir. Hanna ritar fundargerð.

Fundardagskrá:

- 1. Síðustu fundargerðir**
- 2. Staða verkefnisins Umbætur útikennslustofu**
- 3. Hvernig gekk mykraball?**
- 4. Jólakósí**
- 5. Teamsfundur með formönnum foreldrafélaga Múlapings (k. 17:30-18:00)**
 - Sameiginlegur vettvangur foreldrafélaganna og samstarf.
 - Farsældarsáttmálinn – heimili og skóli.
 - Áheyrnarfulltrúi foreldra grunnskólabarna á fundi fjölskylduráðs Múlapings.
- 6. Önnur mál**

Fundargerð:

1. Fyrri fundargerðir samþykktar
2. Umbætur útikennslustofu: Við fengum styrk frá Alcoa: “Action verkefni”: 400 þús - skilyrði 8 starfsmenn Alcoa vinna í verkefninu í 4 klst. Foreldrafélagið fagnar því! Einnig var send umsókn inn til Múlapings en ekki hafa borist svör. Kristinn ætlar að kanna hvort að hann geti fengið verkfræðing til að teikna upp skýlið. Áður en við sækjum um fleiri styrki þurfum að byrja á því að búa til verk- og kostnaðaráætlun. Hönnu falið að búa til skjal með áætlun og deilir með hinum.
3. Mykraball: Gekk vel og nemendaráð á hrós skilið fyrir að sýna þessu áhuga og sinna vel. Væri samt gott að tala betur um hlutverk og skipulag með stjórn leikskólans og nemendum. Ræðum þetta nánar á næsta skólaráðsfundi.
4. Við leggjum til föstudaginn 29. nóvember kl 16:30-18:00 - Spurning hvort að myndmennta- og textílkennarar vilji taka þátt. Sendum á þau fyrirspurn.
5. Fundur: Rætt um vettvang þar sem foreldrafélögin í Múlaþingi geta rætt saman. Ákveðið að búa til facebook grúppu með formönnum. Farsældarsáttmálinn inni á Heimili og skóli. Hægt að fá kynningu um þetta ef áhugi er fyrir hendi. Vantar ennþá áheyrnarfulltrúa foreldra grunnskólabarna á fundi fjölskylduráðs Múlapings.
6. Sú hugmynd kom upp að búa til netföng foreldrafélagana. Allir tóku vel í það og lagt var til að netfangið yrði í gegnum skólann/Múlaþing.

Fundi slitið kl. 18:18